

AÐGERÐIR GEGN PENINGAÞVÆTTI OG FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA

Landsbyggð ehf.

1. Inngangur

Landsbyggð ehf. (hér eftir „félagið“) er þróunar- og fasteignafélag og er þar með tilkynningarskyldur aðili í skilningi laga nr. 140/2018 og er skylt að gera ráðstafanir í þeim tilgangi að styrkja varnir félagsins gegn peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

Það er skýr stefna félagsins að vinna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og koma í veg fyrir að starfsemi félagsins sé misnotuð í slíkum tilgangi.

Á grundvelli stefnu þessarar hefur félagið framkvæmt áhættumat á starfsemi sinni, og sett sér innri reglur sem fylgja skal í hvívetna í verkefnum félagsins.

Stefna þessi gildir um alla starfsmenn félagsins, þ.m.t. stjórn og framkvæmdastjóra, eftir því sem við á.

2. Markmið

Það er markmið félagsins að koma í veg fyrir að félagið sé notað til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka sem og að varnir þess séu ávallt sterkar. Áhersla er lögð á að farið sé eftir lögum nr. 140/2018 og tengdum stjórnvaldsfyrirmælum í rekstri félagsins. Félagið leggur áherslu á að halda áhættu vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka í lágmarki og greina áhættu á slíkri starfsemi.

3. Aðgerðir

Til að ná markmiðum sínum hefur félagið framkvæmt áhættumat á rekstri sínum, sett sér innri reglur og sérstaka verkferla og skal framkvæmdastjóri félagsins hafa eftirlit með að þeim sé fylgt og ber ábyrgð á framkvæmd aðgerða félagsins. Félagið leggur mikla áherslu á að starfsmenn þess þekki viðskiptamenn sína og starfsemi þeirra. Í því skyni skal framkvæmd viðeigandi áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum í upphafi samningssambands og hafa skal eftirlit með viðskiptavinum og viðskiptum þeirra á meðan á samningssambandi við félagið stendur. Félagið mun nýta sér lausnir þær sem Creditinfo býður tilkynningarskyldum aðilum upp á við könnun áreiðanleika viðskiptamanna sinna og auðkenningu.

Lögbærum yfirvöldum er án tafar tilkynnt um grun og/eða vitneskju um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Félagið viðhefur reglulega fræðslu fyrir starfsmenn um gildandi lög og reglur á þessu sviði.

4. Endurskoðun reglna og eftirlit

Stefna þessi, sem og áhættumat og innri reglur, sæta eftirliti framkvæmdastjóra félagsins. Skal hann reglulega fá utanaðkomandi sérfræðinga til að framkvæma úttekt á, og athuga eftirfylgni, með innri stefnu, eftirliti og málsmeðferð, sbr. b. liður 5. mgr. laga nr. 140/2018.

Svo samþykkt á stjórnarfundi félagsins þann 22. desember 2025.

Fylgiskjöl:

- Áhættumat